

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Þriðjudaginn 6. maí 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Kántrýhátíð 2003.**

Fyrir fundinum lá minnisblað sem Björgvin Halldórsson og samstarfsmenn lögðu fram á fundi sem oddviti og sveitarstjóri áttu með þeim um hugsanlega kántrýhátíð 2003. Björgvin og félagar höfðu áður lýst áhuga sínum á að koma að hátíðinni bæði hvað varðar skipulag og fjárhagslega áhættu. Í minnisblaðinu var gerð tillaga að hugsanlegri dagskrá og áætlað hvaða kostnaður við ákveðna þætti hátíðarhaldsins gæti orðið. Fyrir fundinum lá einnig kostnaðaráætlun sem unnin var af sveitarstjóra og Sigurði Sigurðarsyni ráðgjafa hjá Invest. Samkvæmt kostnaðaráætluninni yrði hátíðin rekin með u.þ.b. 1,8 milljóna halla miðað við að 4500 gestir greiði aðgang.

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun var gert ráð fyrir að kostnaður við hátíðina gæti numið 21 milljón króna. Mikil umræða varð um kántrýhátíð og hvort rétt sé að halda hana eða ekki. Gunnar Þór varpaði fram þeirri hugmynd að rétt sé að gera skoðanakönnun samhliða alþingiskosningum sem fram fara 10. maí n.k. Nokkuð mismunandi skoðanir komu fram um hvort rétt sé að gera slíka könnun. Tillaga um að halda hátíð miðað við fyrirbyggjandi forsendur var felld með þremur atkvæðum gegn einu, Gunnar Þór óskaði bókað að hann sitji hjá og vísaði til hugmyndar sinnar um skoðanakönnun.

Í framhaldi af niðurstöðu um að kántrýhátíð verði ekki haldin var tekið til umræðu hvort rétt sé að beita sér fyrir kántrýtónleikum um verslunarhelgi og ákveðið að ræða það við hagsmunaaðila.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10<sup>00</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir